

Valgreinar skólaárið 2026 - 2027

Hérna má finna valgreinabækling Smáraskóla fyrir skólaárið 2026-2027. Mikilvægt er að skoða vel það val sem er í boði hverju sinni. Valfög eru hluti af aðalnámskrá grunnskóla fyrir nemendur í 8.-10. bekk og þurfa nemendur að velja þrjú valfög fyrir veturinn.

Valgreinar verða í boði á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Flestar valgreinar eru 60 mínútur á viku í eina önn en nokkrar valgreinar eru í 80 mínútur og eru þá kenndar í 14 vikur og enn aðrar valgreinar eru ýmist í 60 mínútur og kenndar í lotum eða allt árið (heilsársval).

Vakin er sérstök athygli á því að hægt er að fá tómstundastarf (fþróttir, listir o.fl.) sem er **undir stjórn þjálfara/kennara** metið sem valgrein.

1. Ef nemandi stundar tómstundir í 1,5 - 3 klukkustundir á viku getur hann fengið eina valgrein metna.

2. Ef nemandi stundar tómstundir í meira en 3 klukkustundir á viku þá getur hann fengið 2 valgreinar metnar.

Að hámarki er hægt að fá 2 valgreinar metnar.

Að hausti fá nemendur eyðublað á skrifstofu skólans, skrá á það æfingatíma ásamt því að fá undirskrift foreldra og þjálfara því til staðfestingar. Þeir sem skila inn þessu eyðublaði verða í einu eða tveimur valfögum yfir veturinn.

Nemendur velja þrjár valgreinar á önn. Mikilvægt er að merkja við valgrein 1 og 2 fyrir hvern dag, nr. 1 er þá sú valgrein sem nemandinn hefur mestan áhuga á. Munið að velja „Metin valgrein 1“ ef þið ætlið að fá eina valgrein metna og „Metin valgrein 2“ ef þið ætlið að fá tvær valgreinar metnar.

Nú er mikilvægt að lesa lýsingarnar vel og velja þá áfanga sem þú hefur áhuga á. Valið getur verið vandasamt og hvetjum við þig til að ráðfæra þig við foreldra/forráðamenn. Valfögum er núna skipt upp eftir dögum og mikilvægt að skoða þetta vel og velja þá daga sem þið vitið að þið eruð laus og ekki á æfingum. Og ekki velja allt á sama degi. **Ekki** er hægt að skipta um valfag eftir að þau hefjast.

Hver nemandi fyllir út Google forms umsókn fyrir sitt valfag sem er að finna inni á Valgreinar – Google Classroom hjá sínum árgangi og þá er mikilvægt að vera inni á sínu skólanetfangi. Passa vel að fylla út umsókn fyrir báðar annir (fyrir jól og eftir jól).

Munið að horfa vel á hvaða daga valfögin eru kennd þannig að þið séuð ekki að velja valfög sem eru kennd á sama degi.

Opnað verður fyrir valformið **fimmtudaginn 9. apríl** og því lokað í lok **mánudags 13. apríl 2026**

Yfirlit yfir báðar annir:

Fyrir jól:

Mánudagur			Miðvikudagur			Fimmtudagur		
Valfag	Árg.	Kennari	Valfag	Árg.	Kennari	Valfag	Árg.	Kennari
Heimilisfræði	8.-9.b	Jafet Gunnarsson	Heimilisfræði	8.-9.b	Jafet Gunnarsson	Heimilisfræði	10.b	Jafet Gunnarsson
Leiklist	8.-10.b	Ásta Magnúsdóttir/Ás.	Marimba	8.-10.b	Ásta Magnúsdóttir	Kóraval	8.-10.b	Ásta Magnúsdóttir
Franska	8.-10.b	Kristín Gunnarsdóttir	ProCreate - ipad	8.-10.b	Auður L. Jónasdóttir	Myndlist	8.-10.b	Kristín Gunnarsdóttir
Textíll	8.-10.b	Lilja S. Steindórsdóttir	Skólahreysti	9.-10.b	Baldur M. Stefánsson	Textíll	8.-10.b	Lilja S. Steindórsdóttir
Öll í strætó	8.-10.b	Kristín J. Kristjónsdóttir	Skapandi skrif	8.-10.b	Kristín Jóna Kristjónsd.	Stuttmyndagerð	8.-10.b	Kristín J. Kristjónsdóttir
Fluguhn./stangveiði	10.b	Róbert Haraldsson	Fótboltaval	9.-10.b	Róbert Haraldsson	Enski boltinn	9.-10.b	Róbert Haraldsson
Hvaða perlu leynast í nærumhverfinu	8.-10.b	Dagbjört J. Þorsteinsdóttir				Ökunám - Undirbúningur fyrir ökunám	9.-10.b	Ragnar Jón Ragnarsson
Hljómsveitarval	8.-10.b	Geir Sverrisson	Skák/spil	8.-10.b	Magnús O. Sæmunds.	Forritun	8.-10.b	Geir Sverrisson
Grúskum	9.-10.b	Kristján R. Kristjánsson	Jóga og slökun	8.-10.b	Eyrún Birna Jónsdóttir	Macrame-hnýtingar	8.-10.b	Eyrún Birna Jónsdóttir
Gullsmáraval	8.-10.b	Guðrún S. Baldursdóttir	Þebuval	8.-10.b	Guðrún S. Baldursdóttir	Áhugaverðir sögulegir atburðir	9.-10.b	Sigurbjörg Eyjólfadóttir
Stærðfræði grunnur	10.b	Sigrún S. Logadóttir	Arena	8.-10.b	Kolbrún H. Jónasdóttir	Skreytingaval	8.-10.b	Telma Ýr Birgisdóttir
Leikskólaval	9.-10.b	Kolbrún H. Jónasdóttir	Leikskólaval	9.-10.b	Kolbrún H. Jónasdóttir	Leikskólaval	9.-10.b	Kolbrún H. Jónasdóttir
Drekaheimaval	9.-10.b	Kolbrún H. Jónasdóttir	Drekaheimaval	9.-10.b	Kolbrún H. Jónasdóttir	Drekaheimaval	9.-10.b	Kolbrún H. Jónasdóttir

Eftir jól:

Mánudagur			Miðvikudagur			Fimmtudagur		
Valfag	Árg.	Kennari	Valfag	Árg.	Kennari	Valfag	Árg.	Kennari
Heimilisfræði	8.-9.b	Jafet Gunnarsson	Heimilisfræði	8.-9.b	Jafet Gunnarsson	Heimilisfræði	10.b	Jafet Gunnarsson
Leiklist	8.-10.b	Ásta Magnúsd/Ásgrímur Logason	Marimba	8.-10.b	Ásta Magnúsdóttir	Kóraval	8.-10.b	Ásta Magnúsdóttir

List & lestur	8.-10.b	Kristín Gunnarsd.	Skapandi skrif	8.-10.b	Kristín J. Kristjónsd.	Kvikmyndaval	8.-10.b	Kristín Gunnarsd.
Textíll	8.-10.b	Lilja Steindórsd	Árshátíðar- skreytingar	8.-10.b	Telma Ýr Birgisdóttir	Textíll	8.-10.b	Lilja S. Steindórsdóttir
Stuttmyndagerð	8.-10.b	Kristín J. Kristjónsd	Ljósmyndun	8.-10.b	Kristín J. Kristjónsdóttir	Gengið um Smárann	8.-10.b	Kristín J. Kristjónsdóttir
Enski boltinn	9.-10.b	Róbert Haraldsson	Fluguhn/stangv	9.-10.b	Róbert Haraldsson	Fótboltaval	9.-10.b	Róbert Haraldsson
Hljómsveitarval	8.-10.b	Geir Sverrisson	Árbók	10.b	Geir Sverrisson	Forritun	8.-10.b	Geir Sverrisson
ProCreate - ipad	8.-10.b	Auður Jónasdóttir	Jóga og slökun	8.-10.b	Eyrún Birna Jónsdóttir	Macrame- hnýtingar	8.-10.b	Eyrún Birna Jónsdóttir
Skák/spil	8.-10.b	Magnús O. Sæm.	Arena	8.-10.b	Kolbrún H. Jónasdóttir	Grúskum	9.-10.b	Kristján R. Kristjánsson
Gullsmáraval	8.-10.b	Guðrún S. Baldursd	Skólahreysti	9.-10.b	Baldur M. Stefánsson	Stærðfræðigrunnur	10.b	Sigrún S. Logadóttir
Hvaða perlur leynast í nærumhverfinu	8.-10.b	Dagbjört J. Þorsteinsdóttir	Þebuval	8.-10.b	Guðrún S. Baldursd.	Ökunám - Undirbúningur fyrir ökunám	9.-10.b	Ragnar Jón Ragnarsson
Leikskólaval	9.-10.b	Kolbrún H. Jónasd	Leikskólaval	9.-10.b	Kolbrún H. Jónasdóttir	Leikskólaval	9.-10.b	Kolbrún H. Jónasdóttir
Drekaheimaval	9.-10.b	Kolbrún H. Jónasd	Drekaheimaval	9.-10.b	Kolbrún H. Jónasdóttir	Drekaheimaval	9.-10.b	Kolbrún H. Jónasdóttir

Lýsingar á valgreinum:

Heiti: Arena

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Miðvikudagur

Kennari: Starfsmaður Arena/umsjónarmaður er Kolbrún Hanna Jónasdóttir, námsráðgjafi

Lýsing: Þjálfun í rafíþróttum. Lögð er áhersla á mikilvægi réttar líkamsbeitingar við tölvunotkun, heilbrigðar netsamskiptahegðunar

Hámark í hóp: 16

Tímalengd: 80m

Heiti: Áhugaverðir sögulegir atburðir

Fyrir jól

Fyrir hverja: 9.-10.b

Hvenær: Fimmtudagur

Kennari: Sigurbjörg Eyjólfsdóttir

Lýsing: Förum yfir fjölbreytta, skrítna, furðulega og skemmtilega sögulega atburði í formi umræðna í hóp og stundum áhorfs á heimildamyndum.

Hámark í hóp: 16

Tímalengd: 60

Heiti: Árbók

Eftir jól

Fyrir hverja: 10.bekk

Hvenær: Miðvikudagur

Kennari: Geir Sverrisson

Lýsing: Unnið að gerð árbókar sem verður afhent við útskrift.

Hámark í hóp: 10

Tímalengd: 60

Heiti: Árshátíðarskreytingaval

Eftir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Miðvikudagar

Kennari: Telma Ýr Birgisdóttir

Lýsing: Nemendur læra að skreyta fyrir árshátíð skólans. Fyrir árshátíð má gera ráð fyrir góðum tíma við að skreyta þannig að vali er lokið eftir árshátíðina.

Hámark í hóp: 12

Tímalengd: 60

Heiti: Drekaheimaval

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 9.-10.b

Hvenær: Mánudagur, miðvikudagur, fimmtudagur

Kennari: Kolbrún Hanna Jónasdóttir, námsráðgjafi heldur utan um þetta val

Lýsing: Nemendur eru í Drekaheimum, frístund Smáraskóla undir handleiðslu starfsmanna.

Hámark í hóp: 6

Tímalengd: 80m

Heiti: Enski boltinn

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 9.-10.b

Hvenær: fimmtudagar fyrir jól og mánudagur eftir jól

Kennari: Róbert Haraldsson

Lýsing: Í kennslustofu; bókleg fræðsla, kynning á enska boltanum, horfa á fréttapætti um enska boltann. Saga deildarinnar, rekstur deildarinnar, fyrirkomulag deildarinnar, félög, reglugerðir/lög, leikmenn, félagaskipti.

Verkefni: a) Búa til podcast þátt um eina umferð í enska boltanum

b) Vinna úr tölfræði – úr einum leik

c) Horfa á leiki (heima) + verkefni

Hámark í hóp: 12-16

Tímalengd: 60

Heiti: **Fluguhnýtingar og stangveiði**

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 9.-10.b

Hvenær: Mánudagur fyrir jól og miðvikudagur eftir jól

Kennari: Róbert Haraldsson

Lýsing: Í kennslustofu: Fluguhnýtingar, fræðsla og myndbönd. Í íþróttasal/úti á túni: kastnámskeið. Nemendur fara í veiðiferð að hausti eða vori. Nemendur læra að hnýta flugur, læra allt sem viðkemur fluguveiði og læra að kasta með flugustöng.

Hámark í hóp: 8

Tímalengd: 60

Heiti: **Forritun**

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Fimmtudagur

Kennari: Geir Sverrisson

Lýsing: Ýmis konar forritun á aðallega PC fartölvu, heimasíður o.fl. þar sem áhugi liggur. Sambland af stýrðri vinnu og áhugasviði nemenda.

Hámark í hóp: 12

Tímalengd: 60

Heiti: **Fótboltaval**

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 9.-10.b (ekki hægt að vera bæði fyrir og eftir jól)

Hvenær: Miðvikudagur fyrir jól og fimmtudagur eftir jól

Kennari: Róbert Haraldsson

Lýsing: annar hver tími er bóklegur í stofu, annar hver er verklegur í Fífunni. Í Fífunni: Leikgreining, tækniæfingar, leikskilningur, leikstöðuæfingar, æfingar skipulagðar af nemendum. Í kennslustofu: Bókleg fræðsla, áhersla lögð á knattspyrnu. „Hvað þarf til að verða afreks íþróttamaður“. Markmiðasetning, aukaæfingar, styrktaræfingar, mataræði, áætlunargerð o.fl.

Hámark í hóp: 16

Tímalengd: 60m

Heiti: **Franska – tungumálið og menningin**

Fyrir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Mánudagur

Kennari: Kristín Gunnarsdóttir

Lýsing: Frönskukennsla í bland við franska tónlist og bíómyndir.

Hámark í hóp: 18

Tímalengd: 60m

Heiti: Gengið um Smárann

Eftir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Fimmtudagur

Kennari: Kristín Jóna Kristjónsdóttir

Lýsing: Gengið um sögustaði og aðra áhugaverða staði í göngufæri við skólann og jafnvel stofnanir/fyrirtæki á svæðinu heimsótt.

Hámark í hóp: 12

Tímalengd: 60m

Heiti: Grúskum

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 9.-10.b

Hvenær: Mánudagur fyrir jól og fimmtudagur eftir jól

Kennari: Kristján R. Kristjánsson

Lýsing: Í Grúski erum við að taka í sundur gömul raftæki og fikta í þeim og skoða innvolsið. Hvaða íhlutir eru í tækinu og hvað þeir gera. Við hirðum alla rofa og mótorá sem við finnum í tækjunum. Svo búum við til bíla úr gramsinu. Þegar bílarnir eru tilbúnir er hraðakeppni á ganginum. Lögð er áhersla á virkni í tímanum.

Hámark í hóp: 12

Tímalengd: 80m

Heiti: Gullsmáraval

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Mánudagur

Kennari: Þeba/ Dúna og Hlynur

Lýsing: Nemendur bjóða íbúum Gullsmára upp á að kennslu á lpada sem og að taka spil með þeim sem vilja. Samvera með eldra fólkinu okkar.

Hámark í hóp: 10

Tímalengd: 60

Heiti: Heimilisfræði

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 8.-9.bekk

Hvenær: Mánudagur, miðvikudagur

Kennari: Jafet Egill Gunnarsson

Lýsing: Bakstur og eldamennska

Hámark í hóp: 12

Tímalengd: 80m

Heiti: Heimilisfræði

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 10.bekk

Hvenær: Fimmtudagur

Kennari: Jafet Egill Gunnarsson

Lýsing: Bakstur

Hámark í hóp: 12

Tímalengd: 80m

Heiti: Hljómsveitaval

Heilsársval

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Mánudagur

Kennari: Geir Sverrisson

Lýsing: Samspil á rafmagnshljóðfæri og söngur, frumsamið, lög eftir aðra. Hljóðfærakunnátta er ekki skilyrði

Hámark í hóp: 6

Tímalengd: 60m

Heiti: Hvar leynast náttúruperlurnar í nærumhverfinu

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Mánudagur

Kennari: Dagbjört J. Þorsteinsdóttir

Lýsing: Markmiðið er að vera sem mest úti og skoða hvaða náttúruperlur leynast í nágrenninu og hvernig við getum nýtt þær á skemmtilegan og skapandi hátt. Verkefnið verður fjölbreytt sem dæmi má nefna; tálgun, útiöldun, ljósmyndun, vettvangsheimsókn, kortagerð og ratleikir. Nemendur koma klæddir eftir veðri.

Hámark í hóp: 12-16

Tímalengd: 60

Heiti: Jóga og slökun

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Miðvikudagur

Kennari: Eyrún Birna Jónsdóttir

Lýsing: Einfaldar jógastöður og slökun

Hámark í hóp: 15

Tímalengd: 60m

Heiti: Kvikmyndaval**Eftir jól****Fyrir hverja:** 8.-10.b**Hvenær:** Fimmtudagur**Kennari:** Kristín Gunnarsdóttir**Lýsing:** Horft verður á sérvaldar kvikmyndir, þær greindar og gagnrýndar með tilliti til upptöku, táknrænna sjónarhorna og boðskapar.**Hámark í hóp:** 18**Tímalengd:** 80m**Heiti: Leiklist****Heilsársval****Fyrir hverja:** 8.-10.b**Hvenær:** Mánudagur**Kennari:** Ásta Magnúsdóttir og Ásgrímur Geir Logason**Lýsing:** Sett verður upp metnaðarfull sýning í samráði við nemendur sem verður sýnd á vorönn fyrir bæði nemendur skólans sem og aðstandendur.

Fyrir utan leikara verður þörf á mannskap til að vinna bak við tjöldin (tækni, ljós, búningar og fleira).

Hámark í hóp: Ekkert**Tímalengd:** 80m (þetta er heilsársval en gera verður ráð fyrir miklum æfingum 3-5 vikur fyrir sýningu og því minni tími sem fer í æfingar í byrjun vetrar og engar æfingar eftir sýningu)**Heiti: Leikskólaval****Fyrir og eftir jól****Fyrir hverja:** 9.-10.b**Hvenær:** Mánudagur, miðvikudagur, fimmtudagur**Kennari:** Kolbrún Hanna Jónasdóttir, námsráðgjafi heldur utan um þetta val**Lýsing:** Nemendur eru inni á deild í leikskólanum Læk undir handleiðslu starfsmanna Lækjar**Hámark í hóp:** 5**Tímalengd:** 80**Heiti: List & lestur****Eftir jól****Fyrir hverja:** 8.-10.b**Hvenær:** Mánudagur**Kennari:** Kristín Gunnarsdóttir**Lýsing:** Unnið með lestur á skapandi hátt; orðavinna, ljóð, stuttar sögur nýttar sem innblástur í skapandi verkefni**Hámark í hóp:** 12**Tímalengd:** 60

Heiti: Ljósmyndun**Eftir jól****Fyrir hverja:** 8.-10.b**Hvenær:** Miðvikudagur**Kennari:** Kristín Jóna Kristjónsdóttir**Lýsing:** Nemendur læra um grunnþætti í ljósmyndun.**Hámark í hóp:** 16**Tímalengd:** 80**Heiti: Macrame - hnýtingar****Fyrir og eftir jól****Fyrir hverja:** 8.-10.b**Hvenær:** Fimmtudagur**Kennari:** Eyrún Birna Jónsdóttir**Lýsing:** Þetta er hnútaaðferð, mjög skemmtilegt. Hægt er að búa til vegghengi, utan um blómapotta og margt fleira. Hér má sjá Macrame: [macrame - Google Search](#)**Hámark í hóp:** 12**Tímalengd:** 60m**Heiti: Marimba****Heilsársval****Fyrir hverja:** 8.-10.b**Hvenær:** Miðvikudagur**Kennari:** Ásta Magnúsdóttir**Lýsing:** Markmiðið er að þjálfra fínhyrfingar í hljóðfæraleik og skynfærin (heyrn og sjón). Mikið lagt upp úr að nemendur hlusti og samhæfi samspilið.**Hámark í hóp:** 14**Tímalengd:** 60**Heiti: Myndlist****Fyrir jól****Fyrir hverja:** 8.-10.b**Hvenær:** Fimmtudagur**Kennari:** Kristín Gunnarsdóttir**Lýsing:** Nokkur undirstöðuatriði í myndlist kennd fyrri hluta námskeiðs svo fær nemandi tækifæri til að þróa eigin verk.**Hámark í hóp:** 12**Tímalengd:** 60m**Heiti: ProCreate Ipad****Fyrir og eftir jól**

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Miðvikudagar fyrir jól og mánudagar eftir jól.

Kennari: Auður Laila Jónasdóttir

Lýsing: Teiknað í Ipad. Fyrir byrjendur og lengra komna.

Hámark í hóp: 12

Tímalengd: 60m

Heiti: Skapandi skrif

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Miðvikudagur

Kennari: Kristín Jóna Kristjónsdóttir

Lýsing: Lögð er áhersla á sköpun og gleðina við skapandi skrif

Hámark í hóp: 18

Tímalengd: 60

Heiti: Skák/spil

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Miðvikudagur fyrir jól og mánudagur eftir jól

Kennari: Magnús Orri Sæmundsson

Lýsing: Skák og borðspil

Hámark í hóp: 20

Tímalengd: 60

Heiti: Skólahreysti

Heilsársval

Fyrir hverja: 9.-10.b

Hvenær: Miðvikudagar

Kennari: Baldur Már Stefánsson

Lýsing: Æfingar og undirbúningur fyrir Skólahreysti

Hámark í hóp: 15

Tímalengd: 60m

Heiti: Skólakór

Heilsársval

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Fimmtudagur

Kennari: Ásta Magnúsdóttir

Lýsing: Skólakór Smáraskóla. Kóræfingar fara fram í tónmenntastofu. Stundum eru aukaæfingar fyrir sérstaka viðburði. Markmiðið á æfingum er að skapa jákvætt og glaðlegt andrúmsloft þar sem að kórsöngur ræður ríkjum. Mest er sungið í röddum og þá eru dægurlög vinsælust. Unnið er markvisst við að þjálfra raddbeitingu, tónheyrn og samsöng. Kórinn kemur reglulega fram við ýmis tækifæri en fastir liðir eru jólatónleikar og vortónleikar.

Hámark í hóp: Ekkert hámark

Tímalengd: 80m

Heiti: Skreytingaval

Fyrir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Fimmtudagur

Kennari: Telma Ýr Birgisdóttir

Lýsing: Nemendur læra að skreyta fyrir uppbrotsdaga og almennar skreytingar.

Hámark í hóp: 12

Tímalengd: 60

Heiti: Stuttmyndagerð

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Fimmtudagur fyrir jól og mánudagur eftir jól

Kennari: Kristín Jóna Kristjónsdóttir

Lýsing: Í stuttmyndavali læra nemendur að búa til mismunandi tegundir stuttmynda frá grunni. Farið yfir grunnatriði í handritaskrifum og stuttmyndagerð. Gerð er krafa um vandvirkni, metnað og skapandi úrlausnir.

Hámark í hóp: 18

Tímalengd: 80

Heiti: Stærðfræðigrunnur

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 10.b

Hvenær: Mánudagur fyrir jól og fimmtudagur eftir jól

Kennari: Sigrún Snædal Logadóttir

Lýsing: Farið verður yfir valin atriði og grunnþætti í stærðfræði

Hámark í hóp: 16

Tímalengd: 60

Heiti: Textíll

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Mánudagur, fimmtudagur

Kennari: Lilja Sesselja Steindórsdóttir

Lýsing: Nemendum stendur til boða að vinna að margvíslegum verkefnum, allt eftir því hvað höfðar til þeirra áhugasviðs. Nemendur nýta sér áður áunna þekkingu og kunnáttu, bæta við og/eða læra nýjar aðferðir. Verkefnaval er að mestu leyti frjálst en miðast við þá kunnáttu og getu sem fyrir er í fatasaumi, þrjóni, hekli, útsaumi eða endurvinnslu. Hvatt er til sjálfstæðis í vinnu, verkefnavali og ábyrgðar.

Hámark í hóp: 12

Tímalengd: 80m

Heiti: Þebuval

Heilsársval

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Miðvikudagur

Kennari: Þeba/Dúna og Hlynur

Lýsing: Nemendur taka þátt í að skipuleggja og framkvæma dagskrá þebu. Aðstoða við stóra viðburði og að aðstoða við miðstigsopnanir. Tilvalið fyrir þá sem hafa mikinn frítíma og vilja taka þátt í skemmtilegu starfi.

Hámark í hóp: Ekkert hámark

Tímalengd: 60

Heiti: Öll í strætó

Fyrir jól

Fyrir hverja: 8.-10.b

Hvenær: Mánudagur

Kennari: Kristín Jóna Kristjónsdóttir

Lýsing: Farið í strætó og allar stærstu tengistöðvar Strætó kynntar fyrir nemendum. Strætó er einfaldur og umhverfisvænn ferðamáti sem nauðsynlegt er að kunna á.

Hámark í hóp: 18

Tímalengd: 60m (ferðir eru mislangar þannig að tímarnir yrðu ekki í hverri viku)

Heiti: Ökunám - Undirbúningur fyrir ökunám

Fyrir og eftir jól

Fyrir hverja: 9.-10.b

Hvenær: *Tímasetning er ekki komin á hreint* en stefnt er á fimmtudaga

Kennari: Ragnar Jón Ragnarsson "Humi", grunnskólakennari, ökukennari til almennra ökuréttinda og meiraprófskennari hjá Ekli ökuskóla.

Lýsing: Valfag fyrir 9. og 10. bekkina þar sem farið verður yfir helstu atriði sem farið er yfir í Ökuskóla 1 sem og fyrstu verklegu ökutímunum. Kennslan fer fram með spjalli í skólastofu, vettvangsferðum um nánasta umhverfi þar sem við skoðum umferð og umferðarmannvirki sem og skapandi verkefni þar sem við skoðum umferðarreglur. Leitast verður við að kynnast öllum helstu grunnatriðum umferðarfræðslu á skemmtilegan og skapandi máta. Nemendur kynnast einnig mikilvægi þess að sýna varúð og virðingu í umferðinni og hvaða áhrif það hefur á umferðaröryggi. Eftir valfagið eiga nemendur að vera tilbúnir til þess að leysa fyrstu kafla Ökuskóla 1 auk þess að kunna þær umferðarreglur sem gott er að kunna fyrir

fyrstu ökutímana.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

-Kynnist grunnreglum umferðarinnar

-Kynnist ferlinu að fá bílpróf

-Þekki mikilvægi öryggismenningar í umferðinni

Hámark í hóp:

Tímalengd: 60m